

Ed.

951. Lög

um ekkjutrygging embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 22. sept.)

1. gr.

Skytt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yngri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lifeyri, er ekki sje minni en $\frac{1}{6}$ af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð, er sje jafnhá og þreföld árslaunin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum, þegar lög þessi koma í gildi, og eldri eru en 50 ára.

2. gr.

Lifeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfelagi, er landsstjórnin tekur gilt. Skytt er og hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarféð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

3. gr.

Embættismannsekkja, sem lifeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr ríkissjóði árlega $\frac{1}{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lifeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

4. gr.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.
3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings áliti er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gift af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja i annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur, sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjed nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.